

STJÓRNARTÍÐINDI B 69 – 1997

15. ágúst 1997

1163

Nr. 511

REGLUGERÐ

um bann við loðnuveiðum fyrir Norðurlandi.

1. gr.

Frá og með 19. ágúst 1997 eru allar loðnuveiðar bannaðar á eftirgreindum svæðum fyrir Norðurlandi:

1. Á svæði, sem að austan markast af $18^{\circ}30'V$ og að norðan af $68^{\circ}N$. Að vestan markast svæðið af línu, sem dregin er frá stað $68^{\circ}N, 22^{\circ}V$ í stað $66^{\circ}N, 26^{\circ}30'V$ og þaðan í réttvísandi austur til lands.
2. Á svæði, sem að vestan markast af $18^{\circ}30'V$ og að norðan af $67^{\circ}15'N$. Að austan markast svæðið af línu, sem dregin er frá stað $67^{\circ}15'N$ og $13^{\circ}V$ í stað $66^{\circ}N$ og $11^{\circ}V$ og þaðan réttvísandi í vestur til lands.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. ágúst 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Stjórnartíðindi B 69, nr. 511. Útgáfudagur 18. ágúst 1997.

Gutenberg